

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Sent í umsagnargátt Alþingis og á netfangið: umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 30. október 2024

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl.), 300. mál

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 24. október sl., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar ofangreint mál.


Í 9. gr. frumvarpsins er lögð til breytinga á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Er breytingunni ætlað að veita lífeyrissjóðum almenna heimild til að eiga allt að 35% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem eingöngu fjárfesta í litlum eða meðalstórum fyrirtækjum skv. 1. og 2. tölul. 3. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009, eða einstakari deild þeirra, þó aldrei umfram 1% heildareigna í hverjum sjóði.

Með ákvæðinu er því ætlunin að gera ákvæði sem nú er í ákvæði til bráðabirgða XXI að almennu ákvæði og samhliða fella niður skilyrði sem er í bráðabirgðaákvæðinu um að innlausnir í sjóðum skuli fyrst fara fram að fimm árum liðnum frá því að þeir hófu fjárfestingar. LL styðja umrædda breytingu og telja jákvætt að skilyrði um innlausn sé fellt niður.

LL skiluðu ítarlegri umögn um frumvarpsdrög í samráðsgátt stjórnvalda, mál nr. S-192/2024 dags. 4. október sem fylgir með hjálagt.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri